

REGLUGERÐ

209

7. des.

um breyting á reglugerð fyrir lendingarbótasvæðið á Sveinseyri við Tálknafjörð,
nr. 66 29. apríl 1947.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt 10., 12. og 15. gr. reglugerðarinnar skulu hækka um 100%, en gjald samkvæmt 11. gr. hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1951.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

210

10. des.

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1952.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 91/1951 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1952.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar skattaukanum.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. desember 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

211

10. des.

fyrir Rafveitu Suðureyrar.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Suðureyrar er fyrirtæki, sem Suðureyrarhreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um Suðureyrarkauptún og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Suðureyrarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Suðureyrar, og skal hafa sérstakt reikningshald.